

**9. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, fimmtudaginn 19. nóvember 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) formaður, Krístrún Guðjónsdóttir (KG) aðalmaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) varamaður, Helga Birna Berthelsen (HBB) embættismaður og Katrín Ósk Pétursdóttir áheyrnafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Krístrún Guðjónsdóttir,

Dagskrá:

1. 1511040 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Skólastjóra upplýsti um að skólaráðsfundur hafi verið haldinn. Þar voru lagðar fram starfsáætlun, ársskýrsla, jafnréttisáætlun og skólanámskrá 2015-2016. Þessar skýrslur eru komnar á heimasíðu skólans og skólaráði hafa verið afhent þessi gögn. Skýrslurnar verða teknar fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

Skólapúlsinn hefur verið lagður fyrir nemendur, aukin áhugi á lestri og strærðfræði. Betri líðan almennt.

Niðurstöður úr samræmdum prófum komnar, skólastjóri fór yfir. Samanburðartölur kynntar á næsta fundi nefndarinnar.

Árshátíð haldin 30.10, tókst með ágætum. Foreldra viðtöl voru haldin 07.nóvember síðastliðinn.

Breyting á skólalóð, búið að setja niður kartöfugarð og laga eldstæði. Græna nefndin á þakkir skyldar fyrir starfið.

Vantar betri lýsingu á skólalóðina enn og aftur, nefndin telur lýsingu vera mjög ábótavant.

2. 1509035 - Starfsáætlun grunnskóla Tálknafjarðar 2015-2016.

Starfsáætlun hefur verið lögð fyrir skólaráð og verður tekin fyrir á næsta fundi nefndarinnar. Starfsáætlun hefur verið sett á heimasíðu skólans

3. 1501010 - Sameiginleg verkefni Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Frestað

4. 1511042 - Málafni Félagsmiðstöðvarinnar Tunglins

Bréf frá foreldri lesið upp. Foreldri lýsir óánægju með að börn taki ábyrgð á

börnum í félagsmiðstöðinni.

Tilkynning um ráðningu forstöðumanns, lýsir nefndin ánægju með niðurstöðu í ráðningarmálum félagsmiðstöðvarinnar Tunglsins, bæði með ungmennin sem voru ráðin og nýjan forstöðuman.

Almenn umræða um störf félagsmiðstöðvarinnar.

5. 1511041 - Önnur mál

Ekkert rætt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .
